

Árið 2002 þriðjudaginn 17. 12. kl. 10.15 f.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 8. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Þröstur Sigurðsson leggur fram staðfærðar teikningar af íbúðarhúsinu að Sólheimum 1 Svalbarðsströnd, en Peter Bork er þar að byggja á lóð sinni. Breytingar voru gerðar frá samþykktum teikningum, þakhalli minnkaður og útliti á turni breytt, einnig er sýndur stigi upp í turninn sem ekki var á eldri teikningu.

Byggingarnefnd vísar í bókun frá fundi 1. okt. s.l erindi nr. 2 um þetta mál og var verkið stöðvað með bréfi til byggingarstjóra 3. október.

Nefndin fellst á þær útlitsbreytingar sem framlagðar teikningar sýna, þó svo að henni sé það óljúft, enda sammála um að sá þakhalli sem fyrri teikningar sýndu væri betri lausn og í samræmi við reglugerð miðað við ystu klæðningu á þakinu.

Skilyrði fyrir því, að verkinu verði hleypt af stað að nýju, er krafa um að byggingarstjóri sjái til þess, að þeir iðnmeistarar sem skráðir eru fyrir húsum á lóðinni, hver á sínu sviði, ábyrgist að unnið verði samkvæmt þeim hönnunargögnum sem fyrir liggja og lögð verða fram. Einnig er gerð krafa um að verkfræðingur verði fenginn að þessu verki til eftirlits, á kostnað húsbyggjanda með vísan í 42. gr. skipulags- og byggingarlaga, s.br. og 61. gr. byggingarreglugerðar. Hann samþykki þær úrlausnir sem hönnuður leggur fram og hafi jafnframt eftirlit með framkvæmdinni í samráði við byggingarfulltrúa þar til henni lýkur.

Meira en nóg er komið af ágöllum við þetta verk, síendurtekin brot hafa átt sér stað sem byggingarfulltrúi hefur þurft að hafa afskipti af frá upphafi. Byggingarstjórinn, sem einnig er húsasmíðameistarinn hefur leyft húsbyggjanda að vinna verkið að mestu eða öllu leyti og ekki fylgst nægjanlega vel með að farið væri eftir fyrirliggjandi hönnunargögnum og hefðbundnum byggingaraðferðum.

Erfitt mun verða að bæta þau mistök sem þegar hafa átt sér stað nema rífa húsið að meira eða minna leyti og byggja upp að nýju.

Byggingarnefnd og byggingarfulltrúi eru búin að eyða miklum tíma í þetta mál, sem virðist engan enda ætla að taka og vísar til sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps að koma að málinu með stuðningi við byggingarnefnd, um þær kröfur sem að framan greinir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15 f.h.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Gylfi Gunnarson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Hermann Jónsson
Jósavin Gunnarsson